

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 762/2008

2014/EES/64/48

frá 9. júlí 2008

um að aðildarríkin leggi fram haggtölur um lagareldi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 788/96 (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

5) Þörf er á upplýsingum um skipulag geirans og þá tækni sem notuð er til að tryggja umhverfisvænan iðnað.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

6) Fella ætti reglugerð (EB) nr. 788/96 úr gildi.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

7) Til að tryggja snurðulaus umskipti frá því fyrirkomulagi sem við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 788/96 ætti þessi reglugerð að heimila að aðildarríkin þar sem hagskýrslukerfi myndu þarfnast verulegrar aðlögunar við beitingu reglugerðarinnar, og hún myndi líklega valda umtalsverðum raunhæfum vandamálum, fái umbreytingartíma sem nemur allt að þremur árum.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 788/96 frá 22. apríl 1996 um skil aðildarríkjanna á haggtölum um afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni ⁽²⁾ er þess krafist að aðildarríkin leggi fram árgögn um framleiðslumagn.

8) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á almennum lagaramma fyrir kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins á sviði lagareldis, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

2) Með auknu framlagi lagareldis til heildarfiskframleiðslu Bandalagsins er þörf á yfirgrípsmeiri gögnum til að skynsamleg þróun og stjórnun í þessum geira innan sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar geti átt sér stað.

3) Aukið mikilvægi klak- og eldisstöðva fyrir lagareldi krefst ítarlegra gagna fyrir viðeigandi vöktun og stjórnun í þessum geira innan hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu.

9) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ⁽³⁾ er kveðið á um viðmiðunarramma fyrir hagskýrslur á sviði fiskveiða. Í henni eru einkum gerðar kröfur um samræmi við meginreglur um óhlutdrægni, áreiðanleika, mikilvægi, kostnaðarhagkvæmni, trúnaðarkvaðir í hagskýrslum og gagnsæi.

4) Þörf er á upplýsingum um magn og verðmæti framleiðslunnar til að greina og meta markaðinn fyrir lagareldisafurðir.

10) Söfnun og afhending hagskýrslugagna gegnir mikilvægu hlutverki fyrir trausta stjórnun á sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 25.6.2009, bls. 26.

⁽¹⁾ Álit Evrópuþingsins frá 31. janúar 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. júní 2008.⁽²⁾ Stjtið. EB L 108, 1.5.1996, bls. 1. Reglugerðin, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).⁽³⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003.

- 11) Samþykkja ætti nauðsynlegar ráðstafanir viðvíkjandi framkvæmd þessarar reglugerðar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 12) Framkvæmdastjórnin ætti einkum að hafa vald til að samþykkja tæknilegar breytingar á viðaukunum við þessa reglugerð. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum atriðum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 13) Framkvæmdastjórnin ætti að njóta aðstoðar fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur, sem stofnuð var með ákvörðun ráðsins 72/279/EBE ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

Aðildarríki skulu afhenda framkvæmdastjórninni hagtölur um allt lagareldi í ferskvatni og söltu vatni á yfirráðasvæði þeirra.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) „Hagskýrslur Bandalagsins“: eins og þær eru skilgreindar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,
- b) „lagareldi“: eins og það er skilgreint í d-lið 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1198/2006 frá 27. júlí 2006 um Sjávarútvegssjóð Evrópu ⁽³⁾,
- c) „lagareldi byggt á veiðum“: sú aðferð að safna eintökum úr náttúrunni og nota þau seinna í lagareldi,
- d) „framleiðsla“: afurðir lagareldis við fyrstu sölu, þ.m.t. framleiðsla til sölu úr klak- og eldisstöðvum.
2. Allar aðrar skilgreiningar, að því er varðar þessa reglugerð, eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Samantekt hagskýrslna

1. Aðildarríki skulu nota kannanir eða aðrar tölfræðilega fullgildar aðferðir sem ná yfir a.m.k. 90% af

heildarframleiðslu eftir magni eða eftir tölum fyrir framleiðslu klak- og eldisstöðva, án þess að hafa áhrif á 4. mgr. Áætla má eftirstöðvar heildarframleiðslu. Til að áætla meira en 10% af heildarframleiðslu má fara fram á undanþágu samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 8. gr.

2. Notkun annarra heimilda en kannana skal vera með fyrirvara um eftir á mat á tölfræðilegum gæðum þessara heimilda.

3. Aðildarríki með minna en 1000 tonna heildarframleiðslu á ári má leggja fram yfirlitsgögn þar sem heildarframleiðslan er áætluð.

4. Aðildarríki skulu tilgreina framleiðsluna eftir tegundum. Þó má áætla og leggja saman framleiðslu þeirra tegunda sem hver um sig fer ekki yfir 500 tonn og er ekki meira en 5% þyngdar af framleiðslumagni aðildarríkis. Framleiðslutölur klak- og eldisstöðva á þessum tegundum má áætla.

4. gr.

Gögn

Gögnin skulu varða það almanaksár sem er til viðmiðunar og skulu ná yfir:

- a) ársframleiðslu lagareldis (magn og einingarverð),
- b) ársaðföng lagareldis sem byggist á veiðum (magn og einingarverð),
- c) ársframleiðslu klak- og eldisstöðva,
- d) skipulag lagareldisgeirans.

5. gr.

Framlagning gagna

1. Aðildarríkin skulu leggja fram gögnin sem um getur í II., III. og IV. viðauka hjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) innan 12 mánaða frá lokum þess almanaksárs sem miðað er við. Fyrsta almanaksárið sem miðað er við skal vera 2008.

2. Frá og með árinu 2008 og síðan á þriggja ára fresti skulu þau gögn um skipulag lagareldisgeirans sem vísað er til í V. viðauka afhent framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) innan 12 mánaða frá lokum þess almanaksárs sem miðað er við.

6. gr.

Gæðamat

1. Hvert aðildarríki skal ár hvert láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té skýrslu um gæði gagnanna sem eru lögð fram.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtið. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 223, 15.8.2006, bls. 1.

2. Við afhendingu gagnanna skal hvert aðildarríki leggja fram til framkvæmdastjórnarinnar nákvæma aðferðafræðilega skýrslu. Í þeirri skýrslu skal hvert aðildarríki lýsa hvernig gögnunum var safnað og þau tekin saman. Sú skýrsla skal innihalda upplýsingar um úrtaksaðferðir, matsaðferðir og heimildir sem notaðar eru, aðrar en kannanir, og mat á gæðum matsins sem byggt er á þeim. Tillaga að framsetningu aðferðafræðilegu skýrslunnar kemur fram í VI. viðauka.

3. Framkvæmdastjórnin skal kanna skýrslurnar og kynna niðurstöður sínar fyrir viðkomandi vinnuhópi fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun 72/279/EBE.

7. gr.

Umbreytingarfrestur

1. Í samræmi við stjórnarnefndarmeðferð sem um getur í 2. mgr. 10. gr. geta aðildarríkin fengið umbreytingarfrest, í heilum almanaksárum, sem ekki er lengri en þrjú ár frá 1. janúar 2009, svo fremi að beiting þessarar reglugerðar á landsbundin hagskýrslukerfi þeirra þarfnist verulegra breytinga og sé líkleg til að valda umtalsverðum raunhæfum vandamálum.

2. Í þessu skyni skal aðildarríki leggja fram rökstudda beiðni til framkvæmdastjórnarinnar ekki seinna en 31. desember 2008.

8. gr.

Undanþágur

1. Sé ekki hægt að færa upplýsingar um ákveðinn geira lagareldis inn í hagskýrslur án þess að það valdi innlendum yfirvöldum erfiðleikum sem ekki eru í samræmi við mikilvægi þess geira, má veita undanþágu í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

Með slíkri undanþágu er aðildarríki heimilt að undanskilja gögn sem ná yfir þann geira frá landsgögnum sem lögð eru fram, eða að nota matsaðferðir til að fá fram gögn fyrir meira en 10% af heildarframleiðslunni.

2. Aðildarríki skulu styðja allar beiðnir um undanþágur, sem leggja verður fram fyrir eindaga fyrstu gagnasendingar, með því að senda framkvæmdastjórninni skýrslu um vandamál sem koma upp við beitingu þessarar reglugerðar.

3. Verði breytingar á aðstæðum til gagnasöfnunar sem valda ófyrirséðum erfiðleikum fyrir innlend yfirvöld, mega aðildarríkin leggja fram rökstudda beiðni um undanþágu eftir eindaga fyrstu gagnasendingarinnar.

9. gr.

Tæknileg ákvæði

1. Rádstafanirnar sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, sem

varða tæknilegar breytingar á viðaukunum, skal samþykka í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 10. gr.

2. Sniðið sem hagskýrslunum skal skilað á skal samþykkt í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr.

11. gr.

Matsskýrsla

Eigi síðar en 31. desember 2011 og síðan þriðja hvert ár, skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um þær hagskýrslur sem hafa verið teknar saman samkvæmt þessari reglugerð, einkum um gildi þeirra og gæði.

Í þessari skýrslu skal einnig fjallað um greiningu á kostnaðarhagkvæmni kerfisins, sem tekið er upp til að safna gögnum og gera hagskýrslur, og skal tilgreina bestu starfsvenjur til að minnka vinnuálag hvað aðildarríki varðar og auka notagildi og gæði gagnanna.

12. gr.

Niðurfelling

1. Með fyrirvara um 3. málsgrein er reglugerð (EB) nr. 788/96 hér með felld úr gildi.

2. Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar skal aðildarríki sem fengið hefur umbreytingarfrest í samræmi við 7. gr. þessarar reglugerðar halda áfram að beita ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 788/96 á meðan umbreytingartímabilið, sem veitt hefur verið, stendur yfir.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-P. JOUYET

forseti.

—

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem nota skal við afhendingu á gögnum um lagareldi

1. „Ferskvatn“: vatn með stöðugri, óverulegri seltu.
2. „Salt vatn“: vatn með umtalsverðri seltu. Þetta getur verið vatn þar sem seltan er alltaf há (t.d. sjór) eða þar sem seltan er umtalsverð en ekki alltaf há (t.d. ísalt vatn): seltan getur verið mismunandi mikil vegna reglubundins mismunar á innstreymi ferskvatns eða sjávar.
3. „Tegund“: tegund lagarlífvera sem auðkenndar eru með hinum alþjóðlega þriggja stafa kóða í skilningi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) (ASFIS-listinn yfir tegundir vegna fiskveiðihagskýrslna).
4. „Aðalsvæði FAO“: þau landsvæði sem auðkennd eru með alþjóðlega tveggja stafa talnakóðanum sem skilgreindir er af FAO (handbók CWP (starfshóps um samræmingu fiskveiðihagskýrslna) um hagskýrslustaðla fiskveiða. Bálfur H: Fiskveiðisvæði vegna hagskýrslugerðar). Þau aðalsvæði FAO sem þessi reglugerð nær yfir eru eftirfarandi:

Kóði	Svæði
01	Landvötn (Afrika)
05	Landvötn (Evrópa)
27	Norðaustur-Atlantshaf
34	Miðaustur-Atlantshaf
37	Miðjarðarhaf og Svartahaf
...	Önnur svæði (verða tilgreind)

5. „Tjarnir“: tiltölulega grunn og yfirleitt lítil vötn með kyrru vatni eða vatni með litlu að- og frárennsli, oftast manngerð en getur líka átt við um náttúrulegar tjarnir, fjallatjarnir, vatnsfylltar dældir eða smávötn.
6. „Klak- og eldisstöðvar“: staðir fyrir tæknilegar eldisaðferðir, klak og eldi á fyrstu stígum í lífsferli lagardýra. Vegna hagskýrslugerðar takmarkast starfsemi klakstöðva við framleiðslu á frjóvguðum hrognum. Lagardýr á fyrstu stígum í lífsferli sínum teljast framleidd í eldisstöðvum.
7. „Afgirt svæði og kvíar“: svæði í vatni, afmörkuð með netum og öðrum slíkum hindrunum sem hleypa vatni óhindrað í gegnum sig og eru auðkennanleg af því að allt vatnið frá botni til yfirborðs er nýtt á þessu svæði, kvíar og afgirt svæði umlykja oftast tiltölulega mikið vatnsmagn.
8. „Búr“: opnar eða lokaðar grindur útbúnar með neti eða öðru gropnu efni sem hleypir vatni óhindrað í gegnum sig. Grindurnar geta verið fljótandi, upphengdar eða festar við botninn en samt hleypt vatni í gegnum sig að neðan.
9. „Tankar og lengdarstraumsrennur“: tilbúnar einingar byggðar ofan- eða neðanjarðar sem geta annað miklu gegnumstreymi vatns eða þar sem vatnsskipti eru mikil og öllu umhverfi stjórnað, en án vatnshringrásar.
10. „Hringrásarkerfi“: kerfi þar sem vatnið er endurnýtt eftir meðhöndlun af einhverju tagi (t.d. síun).
11. „Flutt í stýrt umhverfi“: slepping af ásetningi til frekara lagareldis.
12. „Sleppt út í náttúruna“: slepping af ásetningi til að endurnýja stofna í ám, tjörnum og öðrum vötnum í öðrum tilgangi en til lagareldis. Þessir fiskar og lagardýr sem sleppt er geta þá verið aðgengilegir fiskimönnum.

13. „Magn“:
- a) hvað varðar fisk, krabbadýr, lindýr og önnur lagadýr, jafngildi lífþyngdar afurðarinnar. Hvað varðar lindýr skal þyngd skeljarinnar talin með lífþyngd.
 - b) hvað varðar vatnplöntur, blautvigt afurðarinnar.
14. „Einingarverð“: heildarverð (að undanskildum virðisaukaskatti) framleiðslunnar (í gjaldmiðli hvers ríkis) deilt með heildarframleiðslumagni.
-

Land:

Ár:

Framleiðslutegundir			Aðalsvæði FAO	Ferskvatn		Salt vatn		Samtals	
Þriggja stafa kóði	Almennt heiti	Visindaheiti		Magn (í tonnum)	Einingarverð (innlendir gjaldmiðill)	Magn (í tonnum)	Einingarverð (innlendir gjaldmiðill)	Magn (í tonnum)	Einingarverð (innlendir gjaldmiðill)
	Fiskhrogn (ætlud til neyslu) ^(b)								
	Allar aðferðir								
	AÐRAR LAGARLÍFVERUR								
	Allar aðferðir								

^(a) Að undanskildum lagardýrum í fiskabúrum og skrauttegundum.

^(b) Hrognin sem ætlud eru til neyslu undir þessum lið vísa eingöngu til útdreginna hroga sem ætlud eru til neyslu við fyrstu sölu.

III. VIÐAUKI

Aðföng til lagareldis sem byggist á veiðum ^(a)

Land:			Ár:	
Tegund			Eining (tilgreinið) ^(b)	Einingarverð (í gjaldmiðli hvers lands fyrir sig)
Þriggja stafa kóði	Almennt heiti	Vísindaheiti		
FISKUR				
KRABBADÝR				
LINDÝR				

^(a) Að undanskildum lagardýrum í fiskabúrum og skraut- og plöntutegundum.^(b) Þyngd eða fjöldi, ef fjöldi er gefinn upp skal einnig gefa upp breytistuðul við lífþyngd.

IV. VIÐAUKI

Framleiðsla klak- og eldisstöðva ^(a)

Land:					Ár:			
Tegund			Lífsferilsstig		Áformuð not			
Þriggja stafa kóði	Almennt heiti	Vísindaheiti	Hrogn (í milljónum)	Ungfiskar (í milljónum)	Flutt í stýrt umhverfi (til frekara eldis) ^(b) (í milljónum)		Sleppt út í náttúruna ^(b) (í milljónum)	
					Hrogn	Ungfiskar	Hrogn	Ungfiskar

^(a) Að undanskildum lagardýrum í fiskabúrum og skrauttegundum.

^(b) Valfrjálst.

V. VIÐAUKI

Gögn um skipulag lagareldisgeirans ^(a)(^d)

Land:

Ár:

	Aðalsvæði FAO	Ferskt vatn		Salt vatn		Samtals	
		Stærð starfsstöðva ^(c)		Stærð starfsstöðva ^(c)		Stærð starfsstöðva ^(c)	
		(í þúsundum m ³)	Hektarar	(í þúsundum m ³)	Hektarar	(í þúsundum m ³)	Hektarar
FISKUR							
Tjarnir							
Tankar og lengdarstraumsrennur							
Afgirt svæði og kvíar							
Búr							
Hringrásarkerfi							
Aðrar aðferðir							
KRABBADÝR							
Tjarnir							
Tankar og lengdarstraumsrennur							
Afgirt svæði og kvíar							
Aðrar aðferðir							
LINDÝR							
Á botni ^(b)							
Ekki á botni ^(b)							
Aðrar aðferðir ^(b)							

Land:

Ár:

	Aðalsvæði FAO	Ferskt vatn		Salt vatn		Samtals	
		Stærð starfsstöðva ^(c)		Stærð starfsstöðva ^(c)		Stærð starfsstöðva ^(c)	
		(í þúsundum m ³)	Hektarar	(í þúsundum m ³)	Hektarar	(í þúsundum m ³)	Hektarar
ÞÖRUNGAR							
Allar aðferðir							

^(a) Að undanskildum lagardýrum í fiskabúrum og skrauttegundum.^(b) Ef lindýr eru ræktuð á kóðlum má nota lengd kaðlanna.^(c) Ætti að telja sem mögulegt rými.^(d) Í skyggnu reitunum eiga upplýsingarnar ekki við.

*VI. VIÐAUKI***Snið fyrir aðferðafræðilegar skýrslur um landsbundin kerfi fyrir hagskýrslur um lagareldi**

1. Skipulag landsbundinna kerfa fyrir hagskýrslur um lagareldi:
 - yfirvöld sem bera ábyrgð á söfnun og úrvinnslu gagnanna og viðkomandi svið ábyrgðar þeirra,
 - innlend löggjöf um gagnasöfnun um lagareldi,
 - eining sem ber ábyrgð á að leggja fram gögn til framkvæmdastjórnarinnar.
 2. Aðferðir við söfnun, úrvinnslu og samantekt á gögnum um lagareldi:
 - tilgreinið heimild fyrir hverja tegund af gögnum,
 - lýsið aðferðunum sem notaðar eru við gagnasöfnun (t.d. spurningalistar sendir með pósti, einstaklingsviðtöl, heildar- eða úrtaksrannsóknir, tíðni kannana, matsaðferðir) fyrir hvern hluta lagareldisgeirans,
 - lýsið hvernig gögnin eru unnin og tekin saman og hversu langan tíma það tekur.
 3. Gæðapættir í samræmi við „reglur um starfsvenjur fyrir Evrópska hagskýrslukerfið“:
 - ef matsaðferðir eru notaðar fyrir einhverja þætti gagnanna, lýsið aðferðunum sem notaðar eru og áætlið umfang notkunar og áreiðanleika slíkra aðferða,
 - tilgreinið alla annmarka innlendu kerfanna, leiðir til að yfirvinna þá og, eftir því sem við á, tímaáætlun fyrir slíkar aðgerðir til úrbóta.
-